

Borgarstjórn
4. september 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að svifryksmengun fari ekki yfir heilsuverndarmörk

Borgarstjórn samþykkir að gæta þess að magn svifryks fari ekki yfir heilsufarsmörk. Reykjavíkurborg nýti skynsamleg úrræði til að bæta loftgæði í borginni og halda borginni hreinni.

Greinargerð:

Loftgæði í borginni fara ítrekað yfir heilsufarsmörk á hverju ári. Talið er að rekja megi um 80 ótímabær dauðsföll til loftmengunar hér á landi. Svifryk á að mestu uppruna sinn að rekja til malbiks og götumengunar. Ljóst er á dómsmálum m.a. í Bretlandi að sveitarfélög bera ábyrgð á loftgæðum í borgum, bæði hvað varðar stefnumörkun og framkvæmd. Þá hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stefnt 6 ríkjum sambandsins fyrir að standast ekki viðmið sambandsins. Mikilvægt er að borgin gæti að magni svifryks en jafnframt að meðaltalsgildi NO₂ verði undir viðmiðunarmörkum. Bætt þrif gatna borgarinnar og jákvæðir hvatar til orkuskipta og breyttra ferðavenja skipta miklu til að bæta loftgæði borgarinnar.